

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 3. febrúar 2022

Mál nr. S-971/2021:

Ákærvaldið

(*Daníel Reynisson aðstoðarsaksóknari*)

gegn

X

(*Jóhannes Albert Kristbjörnsson lögmaður*)

(*Sigurður Freyr Sigurðsson, lögmaður brotapolá*)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 10. desember 2021, er höfðað með tveimur ákærum á hendur ákærða X, kt. [...], [...], [...]. Fyrri ákæru gaf lögreglustjórinn á Suðurnesjum út 20. apríl 2021, „fyrir hegningarlagabrot og brot gegn barnaverndarlögum sem hér segir:

A.

Fyrir brot í nánu sambandi á tímabilinu frá 25. ágúst 2018 til 16. janúar 2021, með því að hafa endurtekið og á alvarlegan hátt ógnað lífi, heilsu og velferð fyrrverandi maka síns og barnsmóður, Y, kt. [...], og beitt hana andlegu ofbeldi, m.a. sem hér nánar greinir:

A.I.

Með því að hafa á tímabilinu 27. september til 14. nóvember 2018 áreitt Y og beitt hana andlegu ofbeldi með símtölum og smáskilaboðum, en Y þurfti að endingu að loka fyrir símanúmer ákærða, en á tímabilinu hringdi ákærði 238 sinnum í síma Y og sendi henni 573 skilaboð, sem mörg voru smánandi, vanvirðandi og óviðeigandi í garð Y og fólu í sér hótanir, m.a. sem hér segir:

1. Ákærði kallaði Y í skilaboðunum margítrekað „*fucking piece of shit*“, „*piece of shit*“ og „*fucking shit*“.
2. Ákærði kallaði Y margítrekað í skilaboðunum „*bitch*“ og „*fucking bitch*“.
3. Ákærði kallaði Y margítrekað í skilaboðunum „*fucking animal*“.
4. Ákærði kallaði Y í skilaboðunum „*slut*“ og „*dirty fucking slut*“.
5. Ákærði kallaði Y í skilaboðunum „*fucking shit head*“.

6. Ákærði spurði Y margítrekað og með niðrandi hætti í skilaboðunum hvar hún væri og hvað hún væri að gera, þó svo að þau hefðu þá verið búin að slíta sambandi sínu.
7. Ákærði hótaði ítrekað í skilaboðunum að hann myndi vera með „*drama*“ ef Y færi ekki að vilja hans og einu sinni að hún myndi fá að gjalda fyrir það („*this time you will fucking pay*“).

[Mál nr. ...]

A.II.

Með því að hafa, fimmtudaginn 20. júní 2019, fyrir utan verslun [...] í [...], er ákærði hélt á syni sínum og Y, A, kt. [...], slegið nokkrum sinnum í átt að Y þar af a.m.k. einu sinni í handlegg hennar og hrint Y frá sér, en A var á meðan þessu stóð hágrátandi.

[Mál nr. ...]

A.III.

Með því að hafa á tímabilinu 25. ágúst 2018 til 2. nóvember, ítrekað og á alvarlegan, sársaukafullan- og meiðandi hátt, ógnað lífi, heilsu og velferð Y og beitt hana andlegu ofbeldi, með því að elta hana, ógna henni, öskra á hana, niðurlægja hana, hóta henni, fylgjast með henni, sitja fyrir henni og/eða koma óboðinn á eða við heimili hennar og á aðra staði í [...] og [...], í þeim tilgangi að vekja ótta hjá Y og með þeim afleiðingum að Y eða aðilar henni tengdir hafa í 14 skipti þurft að tilkynna slíkt áreiti af hálfu ákærða til lögreglu, Y óttast ákærða og hefur stafað langvarandi ógn af honum. Þau tilvik sem tilkynnt hafa verið til lögreglu varða eftirfarandi háttsemi ákærða:

1. Þann 5. nóvember 2018 kom ákærði óboðinn að [...] í [...], þar sem Y var stödd hjá vini sínum.
2. Þann 13. nóvember 2018 kom ákærði óboðinn í námunda við heimili Y að [...] í [...].
3. Þann 4. desember 2018 kom ákærði að Y, sem var á gangi [...] í [...].
4. Þann 23. desember 2018 kom ákærði óboðinn inn á heimili Y að [...] í [...].
5. Þann 12. febrúar 2019 kom ákærði óboðinn að heimili Y að [...] í [...] og fylgdist með henni.
6. Þann 14. febrúar 2019 sat ákærði fyrir Y fyrir utan heimili hennar að [...] í [...].
7. Þann 7. apríl 2019 kom ákærði óboðinn að heimili Y að [...] í [...] og fylgdist með henni.
8. Þann 19. september 2019 elti ákærði Y niður að fjöru í [...], þar sem hún sat í bifreið sinni og talaði í símann.

9. Þann 4. apríl 2020 kom ákærði óbeðinn í námunda við heimili Y í [...] og fylgdist með henni úr bifreið sinni.
10. Þann 6. júní 2020 kom ákærði óbeðinn að heimili Y að [...] í [...] og sat fyrir henni fyrir utan heimilið.
11. Þann 7. júlí 2020 elti ákærði Y á veitingastaðinn [...], að [...] í [...].
12. Þann 16. september 2020 kom ákærði óbeðinn og í óleyfi á leikskóla sonar þeirra Y í [...] og sat þar síðan fyrir Y er hún kom á leikskólann að sækja son þeirra, en þaðan elti ákærði Y og A að heimili Y að [...] í [...].
13. Þann 28. október 2020 elti ákærði og fylgdist með Y á [...] í [...].
14. Þann 16. janúar 2021 elti ákærði Y á bílastæði við verslun Bónus [...], og sýndi henni ógnandi hegðun.
[Mál nr. ..., ... og...]

Telst framangreind háttsemi ákærða í lið A.I-III varða við 1. mgr. 218. gr. b. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Telst framangreind háttsemi ákærða í lið A.I. til vara varða við 233. gr. b. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Telst framangreind háttsemi ákærða í lið A.II. til vara varða við 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Telst framangreind háttsemi ákærða í lið A.III. til vara varða við 233. gr. b. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

B.

Fyrir brot gegn barnaverndarlögum, gagnvart barni sínu A, kt. [...], með því að hafa með þeirri háttsemi sem lýst er í ákærulið A.II., misboðið syni sínum, A, og sýnt honum vanvirðingu, yfirgang og ruddaskap svo bæði andlegri og líkamlegri heilsu hans var hætta búin.

Telst framangreind háttsemi ákærða í lið B varða við 98. gr. og 1. sbr. 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Í málum sbr. ákæruliði A.I-III. krefst brotapolí Y, kt. [...], þess að ákærða verði gert að greiða henni miskabætur að fjárhæð kr. 3.000.000,- með vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 25. ágúst 2018 þar til þar til 30 dagar eru liðnir frá birtingu kröfunnar, en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags. Þá er þess krafist að ákærða verði gert að greiða kröfuhafa málskostnað samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikning auk virðisaukaskatts.“

Fyrsta tilvikið sem tilgreint er í ákærulið A.I. er sagt hafa átt sér stað 27. september 2018 en ekki 25. ágúst sama ár eins og segir í upphafi ákærunnar. Þá kemur fram í ákærulið A.III. að brotin, sem þar eru tilgreind í töluliðum 1-14, eru talin framin á tímabilinu 5. nóvember 2018 til 16. janúar 2021 en ekki frá 25. ágúst 2018 til 2. nóvember 2020 eins og segir í upphafi ákæruliðarins. Þessi ónákvæmni hefur ekki áhrif þegar komist verður að niðurstöðu í málinu, sbr. 1. mgr. 180. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Síðari ákæru gaf lögreglustjórinn á Suðurnesjum út 27. september 2021 og er hún „fyrir hegningarlagabrot, sem hér segir;

A.

Fyrir brot í nánu sambandi á tímabilinu 26. febrúar 2021 til 21. júní 2021, með því að hafa endurtekið ógnað heilsu og velferð fyrrverandi maka síns og barnsmóður, Y, kt. [...], m.a. sem hér nánar greinir:

A.I.

Með því að hafa á tímabilinu 26. febrúar 2021 til 2. apríl 2021 áreitt Y og endurtekið ógnað heilsu og velferð hennar með því að hafa ítrekað sett sig í samband við hana gegn hennar vilja, með símtölum og smáskilaboðum, en á tímabilinu hringdi ákærði 57 sinnum í síma Y og sendi henni 50 skilaboð, sem mörg voru ógnandi og óviðeigandi í garð hennar, m.a. sem hér segir:

1. Úr skilaboðum ákærða þann 22. mars 2021: „*stop your fucking lies...*“.
Úr skilaboðum ákærða þann 22. mars 2021: „*Answer my fucking questions where is heeee...*“.
2. Úr skilaboðum ákærða þann 22. mars 2021: „*You are a liar...stop your fucking lies and hiding the truth...you will pay for all this.*“.
3. Úr skilaboðum ákærða þann 31. mars 2021: „*where did u take my son??????answer meeee*“.
4. Úr skilaboðum ákærða þann 31. mars 2021: „*where the fuck did you take him ??????*“.

A.II.

Með því að hafa á tímabilinu 13. mars 2021 til 2. apríl 2021, endurtekið ógnað heilsu og velferð Y, með því að elta hana, fylgjast með henni og/eða sitja fyrir henni, m.a. sem hér segir:

1. Þann 13. mars 2021 elti ákærði Y á bílastæði við verslun Bónus, [...], og keyrði endurtekið hægt fram hjá bifreið hennar, sem hún sat inni í, en háttsemi ákærða olli hjá Y ótta og kvíða.

2. Þann 21. júní 2021 elti ákærði Y og son þeirra, A, kt. [...], á bifreið sinni, fyrst að [...] í [...] og síðan að heimili Y að [...] í [...], þar sem hann öskraði á hana er hún stóð í innkeyrslunni við húsið.

Afleiðingar framangreindrar háttsemi ákærða í kafla A, sbr. undirliði A.I. og A.II., eru þær að Y óttast ákærða og hefur háttsemi ákærða valdið hjá henni hræðslu og kvíða.

Telst framangreind háttsemi ákærða í kafla A, sbr. undirliði A.I. og A.II., varða við 1. mgr. 218. gr. b. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Telst háttsemi ákærða til vara varða við 232. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Eins og fram kemur í ákærulið A.II. eru brotin tvö sem þar eru tilgreind talin framin 13. mars og 21. júní 2021 og eru því ekki framin á tímabilinu 13. mars til 2. apríl 2021 eins og segir í upphafi ákæruliðarins. Þessi ónákvæmni hefur ekki áhrif þegar komist verður að niðurstöðu í málinu, sbr. 1. mgr. 180. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Í þinghaldi þann 25. október 2021 var ákæra útgefin 27. september 2021 þingfest og málin sameinuð.

Kröfur ákærða

Ákærði krefst aðallega sýknu og frávísun einkaréttarkrafna. Til vara, komi til sakfellingar, krefst ákærði þess að refsing verði látin niður falla og hann sýknaður af einkaréttarkröfum. Verði dæmd fangelsisrefsing krefst ákærði vægustu refsingar er lög leyfa og lækkunar bótaskrafa. Í öllum tilvikum krefst ákærði þess sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun verjanda hans að viðbættum virðisaukaskatti.

Framburður brotaþola og ákærða

Litið til málsins í heild þykir framburður brotaþola, bæði hjá lögreglu og fyrir dómi trúverðugur hvað flesta liði ákærunnar varðar en hann styðst að hluta við framburð vitna sem þekkja til atvika af eigin raun, vita af atvikum af einhverjum ástæðum eða hittu brotaþola í kjölfar atvika. Framburður brotaþola fær einnig stoð í rannsóknargögnum málsins.

Ákærði viðurkenndi ekki brot hjá lögreglu og vildi gera minna úr alvarleika þeirra en brotþoli. Sama má segja um framburð ákærða fyrir dómi, þar sem hann hélt því fram að hafa verið í fullum rétti með að hringja ítrekað og senda fjölda skilaboða m.a. vegna tálmunar brotþola á umgengni, áhyggjur af syninum og öryggi hans, auk þess að fegra hlut sinn, gjarnan með vísan til þess að hafa ekki séð son sinn lengi. Í flestum tilvikum er framburður ákærða ekki í samræmi við framburð vitna og fær ekki nema að litlu leyti stuðning í rannsóknargögnum málsins. Ekki verður hjá því komist að líta til þessa þegar komist verður að niðurstöðu í málinu.

Fyrir dómi taldi ákærði að allar ásakanir brotþola væru tilefnislausar. Ákærði hélt því fram að í raun væri málum öfugt farið, brotþoli hafi verið að elta sig, áreita og taka upp myndbönd af tilefnislausu m.a. til að reyna að koma ákærða úr landi, en miðað við gögn málsins stenst þessi ályktun ákærða ekki. Þó það sé vissulega rétt að brotþoli hafi hótað að flytja með soninn til [...] og stöðvað umgengni ákærða við hann, er engu að síður ljóst að ákærði virðist alls ekki átta sig á því að hegðun hans gagnvart brotþola og syni þeirra hafi á einhvern hátt verið ámælisverð, þvert á það sem rannsóknargögn málsins og skýrslur vitna fyrir dómi benda til. Af þessari ástæðu m.a. verður að telja hæpið að unnt sé að byggja á framburði ákærða þegar komist verður að niðurstöðu í málinu hvað einstaka ákæruliði varðar.

I

Fyrri ákæra dagsett 20. apríl 2021

Ákæruliður A.I.

Lögreglunni barst tilkynning frá félagsþjónustunni í [...] um heimilisofbeldi í nóvember 2018 og að þolandi vildi gefa skýrslu. Í skýrslu sem tekin var af brotþola hjá lögreglu 16. nóvember 2018 í tengslum við þá tilkynningu greindi brotþoli frá því að eftir flutning til Íslands í júní 2018 hafi farið að bera á að ákærði hótaði henni og áreitti en í lok ágúst hafi hún beðið ákærða um að flytja út. Áreiti ákærði hafi þá ágerst en hann hafi haft daglega umgengni við soninn. Ákærði áreiti hana með því að senda skilaboð í tíma og ótíma, fylgjast með ferðum hennar og bíða fyrir utan heimili hennar. Brotþoli kvaðst hafa lokað á símtöl frá ákærða vegna stöðugra hringinga, eftir það hafi hann „tryllst“ og sent henni sms og Whatsapp skilaboð. Brotþoli minntist á atvik þar sem ákærði hefði sjálfur hringt eftir aðstoð lögreglu en hann hafi sakað hana um að ætla að fara með barn þeirra úr landi. Brotþoli kvað þessar ásakanir ekki eiga rétt á sér. Kvaðst brotþoli vera mjög hrædd við ákærða.

Í skýrslutöku vegna málsins hjá lögreglu 22. nóvember 2018 var ákærði sérstaklega yfirheyrður um háttsemi og atvik sem tilgreind eru í ákærulið A.I. Ákærði neitaði ekki að hafa hringt og sent skilaboðin en kvað þau bara snúast um soninn. Ákærði kvað hótun brotþola 28. september um að flytja til [...] með soninn, hafi verið upphaf áreiti hans í garð brotþola þar sem hann hafi óttast að hún myndi flytja og hann gæti ekki séð son sinn aftur.

Í skýrslu lögreglunnar um afritun gagna af farsíma brotþola kemur fram að á tímabilinu 27. september 2018 til 11. nóvember 2018 hafi ákærði hringt 195 sinnum í brotþola og að auki hafi verið 4 símtöl frá vinnustað ákærða. Þá hafi mátt sjá 26 símtöl frá ákærða þar sem brotþoli var búin að loka fyrir símtöl frá honum. Samtals eru það 225 símtöl en ekki 238 eins og segir í ákæru. Í skýrslunni segir einnig að sms skilaboð milli ákærða og brotþola á tímabilinu 20. október til 14. nóvember 2018 hafi verið samtals 999, þar af 523 frá ákærða til brotþola, en ekki 573, eins og segir í ákæru.

Í skýrslunni segir ennfremur að ekki hafi verið að sjá hótanir í skilaboðunum en ljóst sé af lestri þeirra að talsvert mikið ósætti væri milli þeirra. Eftir skýrslutöku ákærða hafi hann framvísað skjáskotum af skilaboðum milli hans og brotþola frá 28. september 2018, sem eru meðal gagna málsins. Þar hafi komið fram að brotþoli segðist ætla að yfirgefa landið og flytja til [...] með soninn, en þessum skilaboðum hafi verið eytt úr síma brotþola.

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi:

Ákærði viðurkendi fyrir dómi að hafa sent umrædd skilaboð en hann hafi sent þau vegna þess að brotþoli hafi hótad því að flytja með son þeirra til [...] en skoða yrði öll skilaboð milli hans og brotþola í samhengi. Hann og brotþoli hafi verið í sambandi til janúar 2019 þó þau hafi búið á sitthvorum staðnum en hann hafi fram að þeim tíma enn lifað í þeirri von að brotþoli kæmi aftur til sín. Ákærði sagðist ekki verja notkun sína á „f“ orðum en það hafi ekki falið í sér áreiti og hafi ekki verið illa meint heldur aðeins sýnt að hann hafi verið í uppnámi og haft áhyggjur af öryggi sonar síns. Skilaboðin séu eðlileg í ljósi þess að ágreiningur hafi verið um umgengni og hafi aðeins varðað soninn en ekki brotþola. Skilaboð um að vera með „drama“ og „this time you will fucking pay“ sagði

ákærði vera vegna þess að brotþoli hafi gert sig óðan með því að leyfa sér ekki að hitta soninn. Hann hafi aðeins verið að hóta því að kalla til lögreglu.

Brotþoli kvaðst fyrir dómi vera með áfallastreituröskun og vera mjög hrædd við ákærða. Áreitið hafi rist mjög djúpt og upplifun sín af þessum skilaboðum hafi verið mjög slæm. Brotþoli sagði skýrt að sambandinu hafi verið lokið í byrjun ágúst 2018 en ákærði hafi ekki virt það. Brotþoli viðurkenndi að hafa hótað ákærða að fara með barnið úr landi til [...]. Hún og ákærði séu með sameiginlega forsjá og barnið eigi ekki vegabréf. Því hafi ákærða mátt vera ljóst að hún gæti ekki gert alvöru úr þessari hótun. Brotþoli viðurkenndi að hafa sennilega svarað í sömu mynt á einhverjum tímamarki. Hún hafi verið brotin á þessu tímabili og væntanlega tekið á sig sök á því andlega ofbeldi sem ákærð hafi beitt hana á þessum tíma. Aðspurð um líkamleg átök milli hennar og ákærða greindi brotþoli frá einu tilviki kvöldið sem ákærði fór af heimilinu, en þá hafi hún slegið til ákærða til að fá hann til að fara. Ákærði hafi þá slegið sig í höfuðið þannig að brotþoli fékk kúlu á höfuðið. Brotþoli sagði ákærða hafa beðið sig afsökunar daginn eftir og hann hafi sagt að brotþoli hafi verið svo brjáluð að ákærði hafi þurft að lemja hana til baka. Atvikið var ekki kært og brotþoli leitaði ekki til læknis. Aðspurð sagði brotþoli að ákærði hefði ekki slegið sig áður og að ekki hefði verið um líkamlegt ofbeldi að ræða í sambandinu.

Vegna skilaboða ákærða um að vera með „drama“ og „this time you will fucking pay“ sagðist brotþoli hafa óttast um líf sitt og að um beina hótun hafi verið að ræða. Ákærði hafi hótað að drepa sig þegar hann ruddist inn á heimili foreldra hennar í desember 2018 í kringum jólin þegar hann kom með jólagjafir handa brotþola og barninu og taldi sig þá vera í fullum rétti með að vera inni á heimilinu. Hann hafi sagt við brottför að þegar hann kæmist að því hjá hverjum hún væri að sofa myndi hann drepa hana og þann aðila.

Lögreglumaður nr. 0306 staðfesti skýrslu rannsakara, skýrslur af brotþola og ákærða, skýrslu um afritun símagagna og símaskýrslu vitnis árið 2018.

Ákæruliður A.II.

Málavextir:

Samkvæmt lögregluskýrslu barst tilkynning 20. júní 2019 frá Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra um að barn hefði verið tekið af konu fyrir utan [...] í [...] og væri mikið

rifrildi í gangi. Lögreglumenn fóru á vettvang og hittu þar brotþola, ákærða og B. Ákærði hélt á syni sínum og brotþola en drengurinn var hágrátandi. Lögreglumenn báðu ákærða um að láta brotþola fá drenginn en ákærði varð ekki við þeirri beiðni fyrr en í þriðja skipti. Brotþoli tjáði lögreglu að hún og ákærði hefðu verið í forsjárdeilu síðan í september 2018 en þá hafi hún óskað eftir skilnaði við ákærða. Vitni tjáðu lögreglu að þau hafi séð ákærða ýta, hrinda og slá brotþola. Í lögregluskýrslu kemur fram að vitnið C hafi sagt að ákærði hafi ýtt brotþola frá sér þegar hún reyndi að nálgast ákærða og að vitnið D hafi séð ákærða slá til brotþola með krepptum hnefa og höggið farið í öxl eða hægri síðu hennar.

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi:

Ákærði greindi frá því að hann hefði ekki séð son sinn í meira en mánuð þegar hann sá hann með ókunnugri konu í innkaupakörfu. Hann hafi spurt kurteislega hvort hann mætti sjá soninn en hún hafi ekkert sagt. Ákærði nafngreindi konuna síðan sem B, sem hafi hringt í brotþola sem hafi komið skömmu síðar en þá hafi drengurinn byrjað að gráta. Brotþoli hafi þá reynt að taka drenginn af ákærða. Ákærði kvaðst ekkert hafa gert, hann hafi ekki snert brotþola og ekki reynt að slá hana enda hafi hann haldið á nokkurra mánaða barni með báðum höndum. Ákærði kvað það vera ósannindi að hann hafi slegið til brotþola við þessar kringumstæður. Lögreglan hafi beðið sig um að láta brotþola fá barnið, sem ákærði sagðist eiga líka, hann hafi rétt lögreglunni barnið og verið handjárnaður. Ákærði kvaðst hafa verið erlendis í maí þetta ár.

Brotþoli greindi þannig frá að vinkona sín hafi farið með barnið út í búð. Ákærði hafði þá ekki verið sýnilegur í [...] tæpa tvo mánuði sem hafi þ.a.l. verið án áreitiss. Vinkonan hafi hringt og sagt ákærða kominn en brotþoli hafi heyrt í barninu hágrátandi. Brotþoli hafi komið á staðinn en þar hafi ákærði haldið á barninu í miklu uppnámi og grátandi. Brotþoli hafi reynt ítrekað að fá drenginn en ákærði slegið sig og bakkað þegar hún hafi teygt sig eftir barninu. Ákærði hafi sagt barnið vera sitt barn líka og hann mætti vera með það. Fólk hafi reynt að tala hann til en hann hafi í engu sinnt því. Ákærði hafi haldið á barninu með annarri hendi og slegið í hendi brotþola með hinni og bakkað þegar hún reyndi að ná barninu. Ákærði hafi einnig rekið olnbogann í brotþola. Barnið hafi grátið stanslaust og verið í miklu uppnámi og viljað komast til brotþola sem ákærði hafi kom í veg fyrir. Ástandið hafi verið skelfilegt. Lögreglan hafi komið á staðinn og beðið

ákærða um að láta brotþola fá barnið, sem ákærði hafi neitað en látið barnið af hendi eftir ítrekaðar beiðnir lögreglu. Ákærði hafi verið handtekinn en sleppt um kvöldið.

Vitnið B, greindi frá því að hafa verið með eldri son sinn og son ákærða og brotþola í innkaupakörfu fyrir utan verslunina [...] í [...]. Ákærði hafi komið að þegar hún hafi verið að setja drenginn inn í bíl og tekið hann. Hún hafi beðið ákærða um að gera þetta ekki, en hann hafi labbað með drenginn í burtu. Hún hafi þá hringt í brotþola og beðið hana að koma auk þess að hringja í lögreglu. Þegar brotþoli hafi komið á staðinn hafi hún beðið ákærða um að láta sig fá drenginn. Ákærði hafi svarað því til að hann mætti þetta og ætti barnið og neitað að láta brotþola fá það. Barnið hafi orðið hrætt og verið grátandi. Ákærði hafi slegið til brotþola og sagt henni að fara, kastað barninu upp í loft og við það hafi barnið orðið hræddara. Tveir lögregluþjónar hafi komið og beðið ákærða um að láta móður fá barnið. Annar þeirra hafi orðið mjög reiður og skipað ákærða að láta móður fá barnið, sem ákærði hafi síðan gert. Vitnið kvaðst ekki vera viss um að hafa séð ákærða slá brotþola en hann hafi í það minnsta slegið í átt til hennar.

Vitnið, C kvaðst hafa verið á leiðinni út í bíl þegar hún varð vör við læti og ágreining. Hún hafi séð mann haldandi á barni og tvær konur við hliðina á, sem hún kannast við og hafi farið til að athuga hvað væri í gangi og hvort hún gæti aðstoðað. Þær hafi greinilega vilja fá barnið en maðurinn hafi verið mjög æstur og sagt barnið vera sitt á ensku en barnið verið skelkað. Hún hafi reynt að fá manninn til að slaka á, hafi ekki vitað alveg um aðstæður en verið sagt að lögreglan væri á leiðinni. Hún hafi því reynt að halda ró á aðstæðum og kjassa barnið. Vitnið kvaðst hafa útskýrt fyrir ákærða að þó hann ætti barnið væri ekki rétt að gera hlutina svona. Vitnið kvaðst hins vegar ekki muna sérstaklega eftir því að ákærði hafi slegið til brotþola eins og hún greindi frá í lögregluskýrslu, bara að hann hafi haldið á barninu.

Vitnið D greindi frá því að hafa lagt fyrir framan sjoppu við hlið [...] og séð að eitthvað óeðlilegt væri í gangi. Maður hafi haldið á barni og stúlka sem hann þekkir hafi reynt að ná hágrátandi barninu sem hafi verið með hendurnar úti og viljað til móður sinnar. Brotþoli hafi aðeins sett út hendurnar og reynt að ná barninu sem ákærði hafi slegið á. Ákærði hafi haldið á barninu með annarri hendi, slegið til brotþola og í hana, rekið olnboga að henni og ýtt margoft. Vitnið kvaðst einnig hafa séð ákærða hrinda brotþola. Ákærði hafi verið mjög æstur og reiður.

Lögreglumaður nr. E kvaðst hann hafa komið að þar sem ákærði stóð með barn og tvær konur þar við og minnti að barnið hafi verið grátandi. Ákærði hafi sagst eiga barnið og hafa rétt til að hafa það en ekki sinnt beiðni um að skila barninu fyrr en eftir ítrekanir. Vitni á staðnum hafi greint frá því að ákærði hafi slegið til brotþola, högg komið á hana auk þess sem hann hefði hrint henni og því hafi verið ákveðið að handtaka ákærða. Lögreglumaður nr. F staðfesti skýrslu rannsakara í málinu.

Ákæruliður A.III.

Samkvæmt þessum ákærulið er ákærði sakaður um að hafa á tímabilinu frá 5. nóvember 2018 til 16. janúar 2021, ítrekað og á alvarlegan, sársaukafullan og meiðandi hátt, ógnað lífi, heilsu og velferð brotþola og beitt hana andlegu ofbeldi, með því að sitja um hana, ógna henni, öskra á hana, niðurlægja hana, hóta henni, fylgjast með henni, sitja fyrir henni og/eða koma óboðinn á eða við heimili hennar og á aðra staði í [...] og [...] í þeim tilgangi að verkja ótta hjá brotþola. Brotþoli og aðilar henni tengdir hafi tilkynnt 14 slík tilvik til lögreglu.

Brotþoli lagði fram kæru hjá lögreglu 9. júní 2020, fyrir hótanir sem hún taldi sig hafa orðið fyrir af hendi hans reglulega frá því leiðir þeirra skildu. Brotþoli kvað ákærða alltaf hafa og sé enn að beita hana andlegu ofbeldi með því að öskra á sig og niðurlægja sig á margvíslegan hátt. Deilur þeirra um forsjá og umgengni hafi farið fyrir dómstóla og nú væri kominn úrskurður um að ákærði fengi að umgangast soninn að hluta undir eftirliti. Enn hafi ekki fundist eftirlitsaðili, bifreið hennar hafi bilað og því hafi hún ekki getað farið með soninn í umgengni en ákærði geti ekki sótt hann því hann sé ekki með viðeigandi öryggisbúnað í sinni bifreið. Hafi hún sent tölvupóst um þetta til lögmanns ákærða og sýslumanns. Brotþoli kvað ákærða lengi hafa áreitt sig, fjölskyldu og vini með því að koma fyrir utan heima hjá sér og öðrum og margar tilkynningar þar að lútandi hafi verið sendar til lögreglu. Ákærði hafi setið um sig með hléum frá því þau skildu í ágúst 2018. Brotþoli kvaðst vera mjög hrædd við ákærða og að hann tryði því að ef hann dræpi brotþola fengi hann forræði yfir syninum.

Skýrsla vegna málsins var tekin af ákærða 20. nóvember 2020. Ákærði kvað brotþola hafa neita sér um að hitta soninn þrátt fyrir dómsúrskurð um umgengni. Ákærði taldi brotþola hafa verið að kvarta undan skipti þar sem hann hafi komið til hennar þar sem

hún hafi ekki mætt með barnið á umsömdum tíma í umgengni. Þann dag hafi hann hringt og sent mörg skilaboð til brotþola án árangurs, þá hafi hann hringt til lögreglu sem hafi komið og rætt við sig og brotþola. Lögregla hafi ráðlagt sér að fara og leita til dómstóla. Ákærði neitaði alfarið að hafa hótað brotþola eða setið um hana.

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi almennt um ákærulið A.III:

Ákærði kvað brotþola hafa verið að reyna að koma sér í klandur. Þegar hún hafi séð ákærða fara yfir götu, í [...], fá sér göngutúr við sjóinn o.s.frv. hafi hún tekið af sér myndir og sigað lögreglunni á sig með því að segja að ákærði væri að áreita sig. Brotþoli sé vond kona. Ákærði hafi því flutt til [...] til að forðast brotþola árið 2019, eftir að hún hafi farið að áreita sig. Ákærði kvað allar ásakanir snúast um son sinn en að hann hafi ekki beitt neinu áreiti. Brotþoli hafi sífellt verið að bera á sig rangar sakir en engin sönnun sé fyrir áreiti af sinni hálfu.

Brotþoli sagði þetta hafa verið ótrúlega erfiðan tíma og sé enn í dag, erfitt að búa í sífelldum ótta. Ákærði hafi náð að brjóta sig niður á marga vegu en hún sé með augu í hnakkanum og alltaf á verði. Ákærði virðist alltaf finna sig þegar hún er t.d. að versla eða þess háttar og það sé engin tilviljun að þau séu á sama stað. Í byrjun áreitis við sambandsslitin þegar hún hafi ekki vitað hvar hún stóð og fannst að e.t.v. væri hún að bregðast of hart við, hafi hún ekki tilkynnt um atvik. Brotþola kvaðst hafa verið ráðlagt af félagsráðgjafa að tilkynna allt en hún hafi ekki alveg áttað sig á að þetta hafi verið áreiti í byrjun. Um sé að ræða visst mynstur sem felist í að ákærði elti og sitji um sig og sé með hótanir.

Vitnið G, móðir brotþola, lýsti því fyrir dómi að við sambandsslitin hafi orðið umsátursástand á heimilinu. Ákærði hafi setið um heimilið, getað birst fyrirvaralaust og staðið mikið við kirkjuna að fylgst með heimilinu. Ákærði hafi einnig hringt mikið. Vitnið lýsti því að hafa verið óröugg á heimilinu enda aldrei kynnst svona framkomu sem henni fannst mjög ógnvænleg. Hún hafi haft gífurlegar áhyggjur af brotþola og barninu. Háttsemi ákærða hafi haft skelfileg áhrif á brotþola og valdið henni hræðslu. Ákærði hafi gert allt til að gera líf hennar skelfilegt.

Faðir brotþola bar um að ákærði hafi verið með ógnandi tilburði og hótanir. Hann kvaðst þó ekki hafa orðið vitni að einstökum atburðum. Brotþola hafi liðið illa, verið hrædd og þau öll. Hótanir ákærða hafi valdið þessum ótta, hann hafi sent brotþola skilaboð með

hótunum um að hún hafi verra af, allt fram til dagsins í dag. Brotapoli hafi sagt sér hvað hafi gerst.

Vitnið B sagði aðspurð almennt um samband brotþola og ákærða og hegðun hans, að ákærði hafi sýnt brotþola vanvirðingu, oft kallað hana „peace of shit“ og mjög oft sagt „you will pay“. Mikil reiði og öskur hafi einkennt framkomu ákærða.

Lögreglumaður nr. F kom fyrir dóminn og staðfesti skýrslu rannsakara, framburð brotþola og sakbornings, sem vitnið ritaði. Vitnið staðfesti að upptaka úr síma brotþola hafi sýnt að misræmi væri í frásögn brotþola af umgengni barnsins við ákærða í eitt skipti. Ekki heyrist á upptöku að ákærði hafi hótad brotþola eins og hún hafi haldið fram.

Ákæruliður A.III.1.

Málavextir:

Lögregla fékk tilkynningu kl. 17:01 þann 5. nóvember 2018 um að ákærði væri með hótanir fyrir utan hús að [...] í [...]. Lögreglan fór á staðinn og ræddi þar við tilkynnanda ásamt brotþola. Báru þau um að ákærði hafi verið fyrir utan að hóta þeim. Lögregla hafi rætt við ákærða við íbúð hans og hann játað að hafa verið fyrir utan húsið. Ákærði kvaðst vera sár og reiður yfir að fá ekki að hitta barnið sitt. Lögregla hafi bent ákærða á að ekki væri í lagi að standa í hótunum gagnvart fyrrverandi eiginkonu. Í gögnum málsins kemur fram að ákærði hafi hringt í lögreglu kl. 17:05 mikið niðri fyrir og viljað fá aðstoð lögreglu við að hitta soninn sem hann hafi ekki séð í fimm daga. Honum hafi verið ráðlagt að tala við barnavernd daginn eftir og fá aðstoð sem hann hafi sagst ætla að gera.

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi:

Ákærði kvaðst þekkja heimilisfólkið og hafa komið inn á heimilið áður. Hann hafi ekki vitað að hann væri óvelkominn, hann hafi farið til að hitta son sinn og verið tjáð að það fengi hann ekki. Ákærði kvaðst hafa farið heim, þá hafi lögreglan komið og tjáð sér að hann mætti ekki fara þangað.

Brotapoli kvað ákærða hafa birst fyrir utan að [...], þar sem hann hafi ekki verið velkominn. Hann hafi verið stjórnlaus.

Vitnið B kvað ákærða hafa komið heim til sín þennan dag, eiginmaður hennar hafi meinað honum aðgang og þau hringt á lögreglu. Vitnið kvað aðspurð að ákærða hafi verið vel kunnugt um að hann væri ekki velkominn á heimilið og að hann hafi ekki verið boðinn þangað þennan dag, hann hafi komið upp úr þurru. Þetta hafi ekki gerst áður og ákærði hafi ekki komið aftur.

Vitnið H kvað ákærða hafa komið að heimili sínu að [...], líklega 5. nóvember 2018 en vitnið tilkynnti atvikið til lögreglu. Brotapoli hafi þá verið stödd á heimilinu. Vitnið hafi beðið ákærða um að koma ekki inn og fara af lóðinni. Ákærði hafi ekki brugðist vel við og verið mjög reiður, hann hafi arkað um göturnar í einhvern tíma en farið þegar lögreglan kom á staðinn. Brotapoli hafi greint vitninu frá ógnandi hegðun ákærða og vitnið hafi þurft að fylgja brotþola heim nokkur skipti í kringum þetta atvik því ákærði hafi setið um brotþola á þessu tímabili.

Niðurstaða:

Ákærði viðurkenndi fyrir dómi að hafa komið óboðinn á heimili vitnanna H og B, þegar brotþoli var þar stödd 5. nóvember 2018. Ákærði kvaðst aðeins hafa viljað hitta son sinn. Þrátt fyrir það verður að telja að brotþoli hafi ekki mátt eiga von á því að hitta ákærða þar og þá var hegðun ákærða í umrætt sinn ógnandi gagnvart brotþola. Ákærði braut því gegn brotþola í umrætt sinn.

Ákæruliður A.III.2.

Málavextir:

Lögreglan fékk tilkynningu 13. nóvember 2018 frá H sem sagðist vera heima hjá brotþola því ákærði sitji um hana og hafi sést á ferðinni í kringum húsið, hann hafi verið á reiðhjólí. Lögregla svipaðist um eftir ákærða en hann var ekki sjáanlegur. Samkvæmt rannsóknargögnum hringdi ákærði daginn eftir til lögreglu kl. 11:00 og kvaðst mjög ósáttur við að fá ekki að hitta son sinn en var aftur bent á að hafa samband við barnavernd og sýslumann. Ákærði kvað sýslumann hafa vísað sér á lögreglu til að fá aðstoð við að hitta son sinn og að hann hafi fullan rétt til að sjá hann.

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi:

Ákærði kvaðst stundum hafa gengið framhjá heimili brotþola en neitaði því ekki að hafa verið fyrir utan hjá henni þennan dag.

Brotþoli kvað hafa verið mörg svona atvik þar sem ákærði hafi verið að sniglast í kringum heimili foreldra hennar, t.d. verið fyrir utan glugga, verið við húsið eða við kirkju þar sem sést beint á útidyr hússins, það hafi gerst mjög oft. Ákærði hafi verið þar í 3 klst. einn daginn og fylgst með.

Vitnið H sagði varðandi tilkynningu til lögreglu 13. nóvember 2018 að það hafi líklega verið eitt af þeim skiptum þegar ákærði hafi setið fyrir brotþola fyrir utan heimili hennar. Vitnið mundi ekki hvort hann hefði fylgt brotþola heim þennan dag. Brotþoli hafi sýnt vitninu ýmis mjög ágeng skilaboð og sagt frá atvikum. Brotþola líði alls ekki vel og þetta hvíli mjög þungt á henni. Hegðun ákærða valdi henni hræðslu og kvíða enn þann dag í dag.

Niðurstaða:

Ákærði játaði hvorki né neitaði því ekki fyrir dómi að hafa verið fyrir utan hús brotþola 13. nóvember 2018 en sagðist stundum ganga framhjá heimili brotþola. Framburður brotþola vegna þessa atviks var almenns eðlis sem hún sagði vera eitt af mörgum sambærilegum atvikum þar sem ákærði hafi verið á ferli í kringum hús foreldra hennar. Af framburði vitnisins H, verður ekki ráðið að hann hafi séð ákærða í þetta tiltekna skipti en brotþoli var það óttaslegin að hún taldi nauðsynlegt að fá hann inn á heimili sitt. Framburður brotþola er trúverðugur og fær stoð í framburði vitnanna H og G auk þess að vera í samræmi við tilkynningu til lögreglu. Þá fær framburður brotþola einnig stoð í rannsóknargögnum þar sem kemur fram að ákærði var í sambandi við lögregluna daginn eftir atvikið til að óska eftir lögregluaðstoð þar sem hann kvaðst hafa fengið þær upplýsingar hjá sýslumanni að hann ætti rétt á að hitta son sinn. Var það þrátt fyrir að lögregla hafi tjáð ákærða rúmri viku áður eða 5. nóvember, að lögreglan gæti ekki aðstoðað hann við umgengni. Þykir þetta bera vott um að ákærði hafi ekki tekið mark á lögreglunni sem dregur úr trúverðugleika framburðar hans. Dómurinn telur því að leggja verði framburð brotþola til grundvallar og telur sannað að ákærði hafi komið óboðinn í námunda við heimili brotþola 13. nóvember 2018 en á því hafi brotþoli ekki mátt eiga von. Með þessu braut ákærði gegn brotþola.

Ákæruliður A.III.3.

Málavextir:

Brotapoli tilkynnti lögreglu 4. desember kl. 16:51 um mjög ógnandi tilburði ákærða. Hún hafi gengið í fangið á honum á [...] þar sem hann hafi verið mjög reiður og ógnandi. Honum hafi verið haldið af fólki sem kom á staðinn. Brotapoli kvað atvikið hafa gerst 15 mínútum fyrr en faðir sinn væri hjá sér og lögregla þyrfti ekki að koma á staðinn.

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi:

Í upphaflegri skýrslu sinni fyrir dómi sagðist ákærði ekki hafa séð son sinn í nokkrar vikur, hann hafi viljað fá að kyssa hann en brotapoli hafi byrjað að öskra á sig. Þá hafi komið fólk sem hafi haldið að hann væri að ræna barninu. Ekki hafi verið um neitt áreiti að ræða. Í viðbótarskýrslu sem ákærði óskaði eftir að gefa við framhald aðalmeðferðar, eftir að önnur vitni höfðu gefið skýrslu fyrir dómi, greindi ákærði frá því að hann hafi farið í [...]. Hann hafi þá ekki séð son sinn í þrjár vikur og verið örvæntingarfullur að fá að hitta hann. Ákærði hafi engar upplýsingar fengið frá brotápola og hún hafi viljað ákærða út úr lífi sonarins. Ákærði kvaðst hafa séð brotápola með vagninn, stöðvað hana og beðið hana ljúflega að fá að sjá son sinn. Ákærði hafi viljað taka hann í fangið en brotapoli hafi neitað því. Ákærði hafi beðið brotápola að útskýra hvers vegna hann mætti ekki sjá soninn en brotapoli hafi ýtt vagninum yfir lappir ákærða og hann þá þurft að stöðva hana. Þau hafi þá farið að rífast og tók ákærði fram að hann hafi ekki haft í hótunum. Ákærði kvaðst verða reiður og æstur þegar hann fengi ekki að sjá soninn en ekki að hóta neinu. Kona hafi stokkið fyrir framan andlitið á sér og öskrað „slepptu henni“. Hún hafi brugðist of harkalega við því hún hafi haldið að ákærði væri að ræna barninu. Ákærði hafi reynt að útskýra málið en hún hafi ekki hlustað og ákærði hafi öskrað. Hún hafi síðan sagt ákærða frá sýslumanni og róað hann. Ákærði kvaðst ekkert skilja í þessum ásökunum. Brotapoli hafi hótað að taka soninn og fara með til [...] þannig að ákærði sæi hann aldrei aftur. Lögreglan hafi ekki hlustað á kvartanir sínar. Brotapoli kvaðst vinna milli kl. 8 og 18 á daginn í [...] og koma ekki heim fyrr en kl. 19, þannig að hann hafi ekki tíma til að hóta, elta eða áreita brotápola en hann hitti hana bara af tilviljun. Ákærði kvað engar hótanir eða áreiti til staðar en þetta snúist allt um að fá að hitta soninn.

Brotapoli kvaðst hafa verið í göngutúr með drenginn um kl. 17. Hún kvaðst hafa vitað að ákærði væri oft að leita að sér á þessum tíma og því skoðað spor í snjónum fyrir utan heimili foreldra sinna. Ákærði hafi fundið brotápola við [...] en hún hafi hringt í vinkonu

sína og beðið hana að koma. Ákærði hafi sturlast og ætlað að rífa drenginn upp úr vagninum sem ekki gekk því hann var með beisli, þá hafi hann ætlað að rífa af henni vagninn. Nágrannar hafi heyrt í ákærða og komið auk manns sem var á göngu. Þeir hafi náð að taka ákærða frá vagninum en brotþoli hafi tilkynnt atvikið þegar hún kom heim.

Vitnið I kvaðst hafa verið að setja upp jólaseríu þegar hún heyrði barnsgrát og karlmannsöskur. Vitnið hafi farið upp í stiga og kíkt yfir grindverkið, hún hafi þá séð konu með barnavagn og mjög ógnandi karlmann. Vitnið hafi hlaupið til þeirra en ákærði hafi öskrað mjög niðrandi orðum, barnið grátið og ákærði verið að reyna að toga það upp úr vagninum en brotþoli hafi ekkert sagt. Eiginmaður vitnisins hafi þá komið, sem hún hafi verið mjög fegin því vitnið hafi haldið að hún yrði lamin af ákærða. Ákærði hafi ekki sleppt vagninum fyrr eiginmaður vitnisins hafi tekið um úlnliðinn á honum en þá hafi brotþoli farið. Vitnið kvaðst hafa verið hrædd um að ákærði myndi ráðast á sig, hann hafi verið öskrandi, bringan á honum staðið út og hann staðið með kreppta hnefa niður með síðum. Ákærði hafi farið alveg upp að andlitinu á sér, haldið áfram að öskra og hafi ekki róast fyrr en í blálökin þó vitnið bæði hann um það og reyndi að gefa honum góð ráð m.a. að leita til sýslumanns. Ákærði hafi ekki virst gera sér neina grein fyrir því hversu ógnandi hann væri, þrætti fyrir það og hafi öskrað á vitnið að „engin virðing væri borin fyrir karlmönnum“. Hann hafi kallað brotþola illum nöfnum sem vitninu hafi fundist langt frá því að vera í lagi. Annar maður hafi einnig komið að, svo og vinkona brotþola. Aðstæður hafi verið þannig að mati vitnisins að það hafi orðið að aðstoða brotþola.

Vitnið J sagðist hafa verið að setja upp jólaseríu þegar hann og eiginkona hans hafi heyrt öskur og læti, eiginkonan hlaupið af stað og hann á eftir. Mjög reiður og ógnandi maður hafi verið að reyna að rífa barnavagn af konu. Hún hafi verið frosin úr hræðslu. Annar maður hafi komið að og ákærði þá sleppt vagninum og konan farið. Vitnið taldi nauðsynlegt að skarast í leikinn því maðurinn hafi verið mjög ógnandi.

Vitnið K, staðfesti að brotþoli hafi hringt í sig og beðið sig að koma því brotþoli hafi séð ákærða koma á móti sér og verið hrædd. Þegar vitnið kom að hafi ákærði verið kominn að brotþola, mjög æstur, öskrandi og æpandi að reyna að taka barnið, sem hafi verið mjög hrætt, upp úr vagninum. Vitnin I og J hafi komið vegna öskranna í ákærða. Vegfarandi á leið heim hafi einnig komið til að stöðva ákærða, sem hafi verið

gjörsamlega trylltur og viljað taka barnið. Ákærði hafi haldið í vagninn þannig að brotaþoli kæmist ekki. Að mati vitnisins hafi augljóslega þurft að skerast í leikinn fyrst ókunnugt fólk hafi þurft að koma til og vitnið hafi verið því mjög fegin.

Vitnið L kvaðst hafa verið á leið heim þegar hann heyrði læti og fannst þá vera maður að aðstoða konu með barnavagn. Vitnið hafi haldið áfram en svo áttað sig á að það væri eitthvað rangt við þetta. Vitnið hafi snúið sér við og séð að ákærði hafi verið að reyna að ná barninu úr vagninum, en það hafi ekki viljað fara til hans og greinilega ekki liðið vel. Vitnið hafi hlaupið af stað og kallað, sem hafi virst stoppa ákærða, vitnið hafi farið á milli þannig að brotaþoli og barnið hafi verið fyrir aftan vitnið. Vitnið kvaðst hafa reynt að róa ákærða, sem hafi verið mjög ógnandi, og sagt brotaþola að fara. Hópurinn hafi reynt að ræða við ákærða og bent honum á að þetta væri ekki rétta leiðin til að fá að umgangast barnið. Vitnið kvaðst ekki vanur að skipta sér af öðrum en þarna hafi hann orðið að skarast í leikinn.

Niðurstaða:

Framburður brotaþola er staðfestur af vitnunum I, J, K og L, sem öll báru fyrir dómi að ákærði hafi verið mjög æstur og ógnandi og öskrað á brotaþola þar sem hún var með barn þeirra í barnavagni við [...] í [...]. Þá staðfestu vitnin I, K og L að ákærði hafi reynt að rífa barnið upp úr vagninum. Framburður ákærða um að hafa beðið ljúflega um að fá að sjá son sinn og brotaþoli hafi keyrt yfir fætur hans og byrjað að öskra á sig er ekki í neinu samræmi við framburði vitna og því ótrúverðugur. Er hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í þessum ákærulið og þar með brotið gegn brotaþola.

Ákæruliður A.III.4.

Málavextir:

Brotaþoli tilkynnti til lögreglu kvöldið 23. desember 2018 um hótanir ákærða í sinn garð. Hún hafi komið heim um kl. 21:20 en þá hafi ákærði verið kominn inn óboðinn, að hans sögn til að gefa barninu jólagjafir og hafi hótað að drepa brotaþola. Í dagbók lögreglu um atvikið kemur fram að brotaþoli hafi verið hvött af lögreglu til að fara lengra með málið og leiðbeint um það.

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi:

Ákærði kvaðst hafa farið á heimili brotþola eftir að hafa komið heim frá [...] til að færa syni sínum jólagjafir.

Brotþoli kvað ákærða hafa komið óboðinn inn á heimilið og spurt sig hvort hún væri að hitta annan mann. Ákærði hafi sagt að ef hann kæmist að því að hún væri að sofa hjá einhverjum þá myndi hann drepa hana og þann sem hún væri að sofa hjá.

Vitnið G, móðir brotþola, staðfesti að ákærði hafi komið með poka þetta kvöld en hún sá ekki hvað honum og brotþola fór á milli. Vitnið sagði ákærða örugglega ekki hafa verið boðið að koma. Ákærði hafi stöðugt verið við heimilið eftir skilnaðinn.

Niðurstaða:

Ákærði hefur viðurkennt að hafa komið óboðinn á heimili foreldra brotþola en segist hafa verið að koma með jólagjafir fyrir son sinn. Framburður brotþola er á sama veg hjá lögreglu og fyrir dómi og fær stoð í framburði vitnisins G varðandi það að ákærði hafi komið óboðinn inn á heimilið. Með vísan til þessa telst sannað að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi að hafa komið óboðinn á heimili brotþola 23. desember 2018 og þar með brotið gegn brotþola.

Ákæruliður A.III.5.

Málavextir:

Brotþoli tilkynnti lögreglu að ákærði væri á gangi framhjá húsinu í þeim tilgangi að fylgjast með sér. Hann bíði við kirkjuna þar sem hann hafi yfirsýn yfir húsið og gangi þar um en hann hafi séð sig innandyra. Brotþoli kvaðst hafa áhyggjur af barninu þar sem hann hafi áður gert sig líklegan til að ná því af sér utandyra og hún þori ekki ein út. Lögregla ráðlagði brotþola að hafa samband aftur ef ákærði sýndi af sér ógnandi hegðun.

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi:

Ákærði neitaði því ekki að hafa fylgst með brotþola en lýsti því yfir að ekki hefði verið um áreiti að ræða. Brotþoli hafi sent sér skilaboð um að ná í drenginn.

Brotapoli kvað þetta atvik vera eins og önnur af sama tagi og vera óteljandi. Atvik sem þessi hafi verið óteljandi og foreldrar hennar hafi þurft að skella húsinu í lás um lengri tíma því annars hafi ákærði gengið inn óboðinn.

Niðurstaða:

Ákærða og brotþola ber ekki saman um málsatvik en ákærði heldur því fram að brotþoli hafi sent sér skilaboð um að ná í drenginn en gögn um það liggja fyrir í málinu. Þar fyrir utan er framburður ákærða ótrúverðugur þar sem fyrir liggur að brotþoli neitaði ákærða um alla umgengni við drenginn á tímabilinu nóvember 2018 til nóvember 2019. Framburður brotþola er í samræmi við framburð hjá lögreglu auk þess að fá stoð í framburði vitnisins G sbr. framburður hennar varðandi ákærulið A.III.4. Þykir hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í þessum ákærulið.

Ákæruliður A.III.6.

Málavextir:

Brotþoli bað um aðstoð lögreglu að kvöldi 14. febrúar 2019, þar sem ákærði hafi setið um heimilið og hún þori ekki heim. Samkvæmt lögregluskýrslu hafi ákærði beðið eftir henni í innkeyrslunni við heimili foreldra hennar þegar hún kom þar að með syni sínum og vinkonu í bifreið en þær hafi farið í burtu. Ákærði hafi barið allt að utan og brotþoli vilji að ónæðinu linni.

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi:

Ákærði kvað öll þessi atvik glórulaus, brotþoli sjái sig einhvers staðar og hringi á lögregluna.

Brotþoli kvað atvikið útskýra sig sjálf og vísaði til fyrri framburðar um atvik.

Vitnið B greindi frá að hafa skutlað brotþola heim og ákærði verið þar sturlaður. Barnið hafi farið að hágráta, vitnið hafi beðið foreldra brotþola um aðstoð og ákærði hafi hrækt á rúðuna. Vitnið mundi ekki nákvæmlega hvenær þetta var nema að þeta hafi verið um vetur þegar barnið var um eins árs gamalt.

Niðurstaða:

Framburður brotaþola um atvik er í samræmi við skráningu í dagbók lögreglu auk þess að fá stoð í vitnisburði B fyrir dómi. Ekki þykir koma að sök þó að vitnið hafi ekki getað tilgreint nákvæma dagsetningu þar sem lýsing hennar á atburðum er í samræmi við rannsóknargögn og framburð brotaþola. Þykir hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í þessum ákærulið.

Ákæruliður A.III.7.

Málavextir:

Síðdegis 7. apríl 2019 hafði brotaþoli samband við lögreglu og tilkynnti að ákærði hafi verið að fylgjast með sér fyrir utan húsið í einn og hálfan tíma og hún þori ekki út. Ákærði hafi kíkt á alla glugga neðri hæðar, væntanlega til að sjá hvort hún sé heima. Vínafólk hennar sé hjá henni núna og því óski hún ekki eftir frekari aðstoð.

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi:

Ákærði neitaði ekki að hafa verið á staðnum en sagði aðeins að þetta snúist allt um son sinn.

Brotaþoli kvaðst ekki hafa neitt sérstakt að segja um þennan ákærulið, hann væri bara eitt af mörgum tilvikum.

Niðurstaða:

Ákærði neitaði því ekki fyrir dómi að hafa verið á staðnum en sagði það hafa verið vegna sonarins, sem hann fékk ekki umgengni við. Ákærði átti því ekkert erindi á staðinn og því verður framburður hans að teljast ótrúverðugur. Framburður brotaþola, sem er í samræmi við tilkynningu til lögreglu lagður til grundvallar. Þykir hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í þessum ákærulið.

Ákæruliður A.III.8.

Málavextir:

Brotaþoli tilkynnti lögreglu um aðfinnsluvert háttalag ákærða gagnvart sér 19. september 2019 kl. 13:35. Brotaþoli sagðist hafa setið í bíl sínum fyrir um daginn í fjörunni í [...] og verið að tala við lögfræðing sinn í síma. Þá hafi ákærði komið allt í einu upp að

bifreiðinni bankað á gluggann og öskrað „Hvar er A“, sem er sonur brotaþola og ákærða. Sem betur fer hafi bíllinn verið læstur og ákærði því ekki komist inn en brotaþoli hafi strax ekið af vettvangi.

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi:

Ákærði kvaðst hafa verið að ganga við sjóinn og þá hafi brotaþoli tekið mynd af sér að ósekju.

Brotaþoli sagðist hafa verið að tala við lögmann sinn eða senda tölvupóst þar sem hún sat í bifreið sinni. Ákærði hafi birst, lamið í rúðuna og spurt hvar drengurinn væri.

Niðurstaða:

Ákærði hefur viðurkennt að hafa verið á gangi við sjóinn þennan dag en ber því við að hafa hitt brotaþola fyrir tilviljun og hún þá tekið mynd af sér. Er sá framburður ótrúverðugur í ljósi fyrri framkomu hans gagnvart brotaþola og þess að ákærði var fluttur til [...]. Framburður brotaþola er í samræmi við tilkynningu til lögreglu og telst trúverðugur. Telst því hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í þessum ákærulið.

Ákæruliður A.III.9.

Málavextir:

Brotaþoli tilkynnti lögreglu kl. 18:38 þann 4. apríl 2020 að ákærði sitji um sig. Ákærði sé með bíllinn lagðan við [...] en brotaþoli búi við [...]. Brotaþoli kvaðst vera hrædd við ákærða og vildi að lögreglan ræddi við hann og bæði hann um að fara. Lögreglan kom á staðinn og ræddi við ákærða, sem kvaðst vera pirraður yfir að fá ekki að hitta son sinn, þar sem hann sat í bíl fyrir neðan Landsbanka við [...]. Lögreglan sagði ákærða að það að sitja um fyrrverandi konu sína og hrella væri ekki leið til að nálgast soninn og bentu ákærða á að ræða við sýslumann eða þá sem sæju um forræðismál þeirra. Ákærða var síðan fylgt af lögreglu til [...].

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi:

Ákærði neitaði ekki að hafa verið á staðnum en kvaðst hafa verið á rúntinum.

Brotaþoli kvað þetta hafa verið eitt af mörgum umsátursatvikum og hluti af mynstri.

Niðurstaða:

Í gögnum málsins liggur fyrir að lögregla hitti ákærða í kyrrstæðum bíl við [...] þetta kvöld en þaðan er bein sjónlína yfir að heimili brotþola við [...]. Ákærði kvaðst vera pirraður yfir að fá ekki að hitta son sinn en lögreglan fylgdi honum til [...]. Lögreglumennirnir sem um ræðir komu ekki fyrir dóm til að staðfesta skráningu í dagbók lögreglu og samskipt við ákærða. Ákærði hefur játað að hafa verið á staðnum en gaf aðra skýringu fyrir dómi en hann gaf lögreglu sem var að hann væri ósáttur við að fá ekki að sjá son sinn, þar sem hann sat í bifreið sinni þar sem auðvelt er að fylgjast með heimili brotþola. Framburður ákærða telst því vera ótrúverðugur. Framburður brotþola er trúverðugur auk þess að fá stoð í gögnum málsins. Verður hann því lagður til grundvallar um atvik og þykir hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í þessum ákærulið.

Ákæruliður A.III.10.

Málavextir:

Brotþoli tilkynnti til lögreglu laugardaginn 6. júní 2020 kl. 11:30 að hún kæmist ekki út úr húsi vegna ákærða sem sé fyrir utan. Aðspurð hvort hann sé ógnandi hafi brotþoli sagt að ákærði stæði bara fyrir utan. Í gögnum málsins kemur fram að ákærði hafi hringt fyrir um morguninn til lögreglu og sagt brotþola ekki svara síma en hann vildi láta lögreglu vita að hann væri á leið til [...]. Lögregla hafi hitt ákærða á vettvangi þar sem hann sat í bifreið sinni fyrir utan næsta hús við hús brotþola. Ákærði hafi sagst vera að sækja son sinn og afhent lögreglu dóm uppkveðinn 5. mars 2020, þar sem honum var dæmd sameiginleg forsjá með brotþola yfir syni þeirra. Ákærði hafi sagst eiga að vera með drenginn yfir nótt í fyrsta skipti þennan dag frá kl. 10:00 og skila honum aftur kl. 16:00 daginn eftir. Brotþoli kvaðst hafa sent lögfræðingi ákærða tölvupóst daginn áður um að ekki hafi fundist eftirlitsaðili með umgengni en samkvæmt dóminum hafi umgengni yfir helgi fyrstu skiptin undir eftir eftirliti við kvölldrútinu og háttatíma.

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi:

Ákærði viðurkenndi að hafa verið á staðnum en kvaðst hafa komið til að ná í son sinn í umgengni.

Brotapoli greindi frá því að hún hafi verið flutt í eigin húsnæði og ákærði verið fljótur að átta sig á því. Ákærði hafi hringt í móður brotþola og sagt að hann sæi ekki bílinn fyrir utan og spurði hvort þau væru flutt.

Lögreglumaður nr. M staðfesti skýrslu sína um atvikið fyrir dómi og að brotþoli hafi augljóslega verið hrædd við ákærða. Ákærði hafi setið í bifreið sinni þegar lögregla hafi komið að og verið rólegur. Lögregla hafi rætt við brotþola í framhaldi og beðið ákærða að bíða meðan reynt hafi verið að hringja í verjanda ákærða sem svaraði ekki. Ákærði hafi þá yfirgefið staðinn. Vitnið staðfesti einnig að hafa kynnt fyrir ákærða að brotþoli væri hrædd við hann og að hún vildi ekki að ákærði hefði samband eða birtist skyndilega fyrir utan hjá henni.

Niðurstaða:

Ákærði viðurkennir að hafa verið á staðnum en segir það ekki hafa verið til að áreita eða fylgjast. Meðal gagna málsins er dómur héraðsdóms Reykjanes frá [...]. Samkvæmt honum átti ákærði að fá soninn í umgengni aðra hverja helgi yfir nótt frá 1. júní 2020 og var 6. júní fyrsta helgin þar sem ákærði átti að fá umgengni. Brotþoli sagðist í skýrslu sinni aðeins hafa haft samband við lögmann ákærða en bar ekki um að hafa tilkynnt ákærða sjálfum um þá ákvörðun sína að neita honum um umgengni. Þykir liggja fyrir að ákærði hafi verið við heimili brotþola til að ná í son sinn í umgengni samkvæmt dómsorði og framburður ákærða um það trúverðugur. Að framangreindu virtu hefur ákærvaldinu ekki tekist að sanna að ákærði hafi komið óbeðinn að heimili brotþola þetta tiltekna skipti eins og honum er gefið að sök í þessum ákærulið og verður hann því sýknaður af þessum ákærulið.

Ákæruliður A.III.11.

Málavextir:

Brotþoli tilkynnti lögreglu 7. júlí 2020 kl. 18:48 að ákærði sem sitji um sig, hafi komið á veitingastað sem hún sé stödd á og hún hafi áhyggjur af því að hann reyni að ná drengnum þeirra.

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi:

Ákærði kvaðst hafa verið að vinna í [...] og fengið spurnir af því að verið væri að leita að kokki á þessum veitingastað. Þá hafi brotþoli verið á staðnum með vinum sínum fyrir algjöra tilviljun.

Brotapoli kvaðst hafa verið að fara í sumarfrí og ákveðið að fara út að borða á þessum veitingastað með vinnustaðnum. Meðan þau hafi beðið eftir matnum hafi ákærði birst. Þau hafi setið á borði við innganginn, hann hafi horft á hópinn, farið að barnum, talað við starfsmann og gengið út.

Niðurstaða:

Ákærði hefur viðurkennt að hafa verið á veitingastaðnum þar sem brotapolí var en segir það vera vegna þess að hann hafi komið í atvinnuviðtal. Engin vitni gáfu skýrslu fyrir dómi fyrir utan brotapola varðandi atburðinn eða hvort ákærði hafi verið á staðnum vegna atvinnuviðtals. Gegn staðfastri neitun ákærða verður að sýkna hann af þessum ákærulið.

Ákæruliður A.III.12.

Málavextir:

Brotapoli tilkynnti lögreglu 16. september 2020 kl. 16:51, að ákærði hafi mætt óboðinn og í óleyfi á leikskóla barns þeirra og verið með ónotalega framkomu í garð starfsmanns leikskólans. Ákærði hafi verið fyrir utan þegar brotapolí hafi komið til að ná í drenginn, sem henni hafi fundist ógnvekjandi. Ákærði hafi elt brotapola að heimili hennar og þau mæðgin hlaupið inn, hrædd við hann af gefnu tilefni. Brotapoli hafi tekið myndir og myndskleið af þessu.

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi:

Ákærði kvaðst ekki hafa verið í nálgunarbanni á þessum tíma. Ákærði sagðist hafa farið í skólann til að hitta son sinn því hann sakni hans svo mikið. Hann hafi síðan sest inn í bílinn og talað í símann en þá hafi brotapolí komið að.

Brotapoli greindi svo frá að hún hafi komið að sækja drenginn á leikskólann klukkan rúmlega fjögur. Þá hafi ákærði verið búinn að fara inn, spyrja hvar drengurinn væri og hver hefði sótt hann. Brotapoli hafi fengið fylgd starfsmanns út í bíl því ákærði hafi beðið fyrir utan og elt þau síðan heim af leikskólanum. Ákærði hafi keyrt [...], sem sé fyrir ofan götuna sem brotapolí búi við en sú gata sé botnlangi, eins og mörg önnur skipti.

Niðurstaða:

Ákærði viðurkenndi að hafa farið í leikskólann þennan dag en bar við að hann vildi hitta son sinn. Ákærði neitar því að hafa elt brotaþola að heimili hennar. Gegn staðfastri neitun ákærða verður að sýkna af þessum ákærulið.

Ákæruliður A.III.13.

Málavextir:

Brotþoli tilkynnti lögreglu 2. nóvember 2020 með tölvupósti að þann 28. október 2020 hafi hún farið í verslun í [...] í [...] og séð út um gluggann að ákærði hefði lagt bifreið sinni hinum megin við götuna og væri að fylgjast með sér. Óskaði brotþoli eftir því að atvikið yrði skráð hjá lögreglu.

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi:

Ákærði kvaðst hafa búið í [...] á þessum tíma og ætlað að ná í vin sinn til að ná í bíl vinarins á verkstæði. Ákærði kvaðst hafa beðið fyrir utan hótelið þegar brotþoli hafi séð sig og hún tilkynnt sig til lögreglu.

Brotþoli kvaðst hafa farið inn í verslun í [...], verið litið út um gluggann og séð að ákærði hafi lagt bílnum hinum megin við götuna á bílastæði og fylgdist með sér.

Vitnið N kvaðst hafa unnið með ákærða frá 2019. Vitnið greindi frá því að ákærði hafi sótt sig, að hann minnti, við búðina Iceland í [...], heldur að það sé búðin 24 í dag, nálægt hóteli og bensínstöð, til að ná í bíl vitnisins á verkstæði í [...]. Vitnið vissi ekki hvað gatan heitir, hvaða dag þetta var eða klukkan hvað, en hélt að það hefði verið eftir hádegi.

Niðurstaða:

Brotþoli tilkynnti lögreglu að ákærði hafi verið að fylgjast með sér 28. október 2020 með tölvupósti 2. nóvember sama ár. Ákærði hefur játað að hafa verið á staðnum á þessum tíma en segist hafa verið að bíða eftir vini sínum við hótelið í [...] til að ná í bíl. Vinurinn, vitnið N, gat ekki greint frá því hvaða dag þetta hafi verið, hvar né klukkan hvað, þó hann hafi staðfest að ákærði hafi einhvern tímann sótt sig til að ná í bíl, að hann minnti við búð sem þá hét Iceland. Af framburði vitnisins má ráða að ákærði hafi sótt vitnið. Miðað við framangreint getur framburður ákærða ekki talist trúverðugur en framburður brotaþola fyrir dómi er í samræmi við tilkynningu til lögreglu. Með vísan til

framangreinds telst hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í þessum ákærulið.

Ákæruliður A.III.14.

Málavextir:

Brotapoli sendi lögreglu tölvupóst 18. janúar 2021 þar sem hún tilkynnti að þann 16. janúar s.á. hafi hún verið að labba að bílnum fyrir utan Bónus þegar hún hafi séð ákærða koma gangandi ört að sér. Hún hafi komist inn í bílinn og læst en ákærði hafi komið alveg upp að bílnum og öskrað. Brotapoli sagðist ekki hafa heyrt hvað ákærði sagði en hún hafi orðið mjög hrædd. Ákærði hafi tekið upp síma og tekið myndir eða myndband.

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi:

Ákærði kvaðst hafa rekist á brotapolu á bílastæðinu fyrir utan Bónus, hann hafi verið að fara að versla en brotapoli hafi séð sig og farið að taka myndir af sér.

Brotapoli bar um að ákærði hafi birst í nánast hverri viku þegar hún fari í Bónus, en það geti ekki verið tilviljun. Þarna hafi ákærði birst allt í einu þar sem brotapoli var. Ákærði hafi keyrt hægt fram hjá bílnum sínum með mjög ógnandi augnaráði.

Niðurstaða:

Ákærði játar að hafa rekist á brotapolu fyrir utan Bónus þennan tiltekna dag en það hafi bara verið tilviljun því hann hafi verið að versla. Framburður brotapolu fyrir dómi er í samræmi við tilkynningu til lögreglu og ákæru en þar sem engin önnur gögn styðja þennan ákærulið og skýring ákærða verður án frekari gagna ekki dregin í efa, verður að sýkna ákærða af þessum ákærulið.

II.

Niðurstaða:

Í ákæru er ákærða gefið að sök ofbeldi í nánú sambandi á tímabilinu 25. ágúst 2018 til 16. janúar 2021, en eins og áður hefur komið fram hófst tímabilið 27. september 2018, með því að hafa endurtekið og á alvarlegan hátt ógnað lífi, heilsu og velferð fyrrverandi maka síns og barnsmóður og beitt hana andlegu ofbeldi. Er þeirri háttsemi ákærða sem talin er refsiverð lýst nánar í þremur undirköflum ákæru.

Í fyrsta lagi samkvæmt kafla A.I. með því að ákærði hafi á tímabilinu 27. september til 14. nóvember 2018 áreitt brotaþola og beitt hana andlegu ofbeldi með símtölum og smáskilaboðum, en brotaþoli þurfti að endingu að loka fyrir símanúmer ákærða, en á tímabilinu hringdi ákærði 238 sinnum í síma brotaþola og sendi henni 573 skilaboð, sem mörg voru smánandi, vanvirðandi og óviðeigandi í garð brotaþola og fólu í sér hótanir eins og nánar greinir í ákæru í töluliðum 1.-7.

Í öðru lagi, samkvæmt kafla A.II. með því að hafa, fimmtudaginn 20. júní 2019, fyrir utan verslunina [...] í [...], er ákærði hélt á syni sínum og brotaþola, B, slegið nokkrum sinnum í átt að brotaþola þar af a.m.k. einu sinni í handlegg hennar og hrint brotaþola frá sér, en B var á meðan þessu stóð hágrátandi.

Í þriðja lagi, samkvæmt kafla A.III., með því að hafa á tímabilinu 5. nóvember 2018 til 16. janúar 2021, ítrekað og á alvarlegan, sársaukafullan og meiðandi hátt, ógnað lífi, heilsu og velferð brotaþola og beitt hana andlegu ofbeldi, með því að elta hana, ógna henni, öskra á hana, niðurlægja hana, hóta henni, fylgjast með henni, sitja fyrir henni og/eða koma óboðinn á eða við heimili hennar og á aðra staði í [...] og [...], í þeim tilgangi að vekja ótta hjá brotaþola og með þeim afleiðingum að brotaþoli eða aðilar henni tengdir hafa í 14 skipti þurft að tilkynna um slíkt áreiti af hálfu ákærða til lögreglu, brotaþoli óttast ákærða og hefur stafað langvarandi ógn af honum. Tilvik tilkynnt til lögreglu varða háttsemi ákærða, eins og nánar greinir í ákæru í töluliðum 1.-14.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa hringt og sent brotaþola þau skilaboð sem ákært er fyrir í kafla A.I. auk þess sem framlögð gögn í málinu eru því til stuðnings. Samkvæmt þeim gögnum eru símtölin 225 en ekki 238, auk þess sem fjöldi skilaboða er 523 skilaboð en ekki 573, eins og áður segir. Þessi ónákvæmni í ákæru hefur ekki áhrif þegar komist verður að niðurstöðu í málinu, sbr. 1. mgr. 180. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Ákærði hefur neitað því að hafa hótad brotaþola og kveðst hafa sent skilaboðin vegna ótta um að brotaþoli gerði alvöru úr hótun um að flytja til [...] með barnið en ekki síst vegna þess að hann hafi ekki fengið að umgangast barnið. Ekki fallist á með ákæruvaldinu að skilaboðin hafi falið í sér hótanir enda má ráða, séu skilaboðin lesin í samhengi, að ákærði hafi átt við að kalla til lögreglu eða sýslumann og skilaboðin meira og minna öll tengd hótun brotaþola um að flytja til [...] og að brotaþoli stöðvaði

umgengni ákærða við soninn. Skilaboðin voru endurtekin og ákaflega niðrandi og óviðeigandi. Þykir hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi að öðru leyti viðhaft þá háttsemi sem ákært er fyrir í ákærulið A.I.

Ákærði neitaði því fyrir dómi að hafa slegið til eða í, ýtt eða hrint brotaþola eins og ákært er fyrir í kafla A.II. í ákæru. Frásögn brotaþola fyrir dómi um að ákærði hafi slegið sig í höndina og ýtt sér, fær stoð í framburði vitnisins D fyrir dómi sem er í samræmi við vitnisburð hans hjá lögreglu. Vitnið B bar um að hafa séð ákærða slá í átt að brotaþola sem og vitnið D, sem er í samræmi við vitnisburð brotaþola. Vitnið C bar fyrir dómi að hún minntist þess ekki að hafa séð ákærða slá til brotaþola en það var eftir henni haft í lögregluskýrslu. Öll vitnin báru um að barnið hefði verið grátandi og vitnin B, C og D sögðu öll að barninu hafi liðið illa í þessum kringumstæðum. Þykir komin hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi viðhaft þá háttsemi sem ákært er fyrir í ákærulið A.II.

Eins og rakið er að framan vegna atvika sem rakin eru í töluliðum 1-14 í kafla A.III. í ákæru telst hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í meirihluta tilvika en í töluliðum 10, 11, 12 og 14, hefur ákærði verið sýknaður. Þykir því komin fram lögfyll sönnun þess að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem ákært er fyrir í ákærulið A.III, töluliðum 1-9 og 13.

Miðað við framangreint stendur eftir að taka afstöðu til þess hvort brot ákærða sé réttilega heimfært til refsíákvæðis í ákæru.

Um 218. gr. b almennra hegningarlaga

Í 1. mgr. 218. gr. b í almennum hegningarlögum nr. 19/1940, sbr. breytingu með 4. gr. laga nr. 23/2016, segir að hver sem endurtekið eða á alvarlegan hátt ógnar lífi, heilsu eða velferð núverandi eða fyrrverandi maka síns eða sambúðaraðila, niðja síns eða niðja núverandi eða fyrrverandi maka síns eða sambúðaraðila, áa síns eða annarra sem búa með honum á heimili eða eru í hans umsjá, með ofbeldi, hótunum, frelsissviptingu, nauðung eða á annan hátt, skuli sæta fangelsi allt að sex árum.

Samkvæmt almennum athugasemdum í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 23/2016 um breytingu á almennum hegningarlögum var lagt til að nýju ákvæði yrði bætt við lögina þar sem ofbeldi í nánnum samböndum yrði sérstaklega lýst refsivert. Með ákvæðinu var lögð áhersla á að ofbeldi í nánnum samböndum feli ekki einungis í sér samansafn einstakra

tilvika heldur mætti virða slíka háttsemi sem eina heild. Athyglin sé þannig færð á það ógnar- og óttaástand sem geti skapast og jafnframt á þá viðvarandi andlegu þjáningu, kúgun og vanmátt sem þolandi upplifi við slíkar aðstæður.

Í athugasemdum við 4. gr. frumvarpsins segir að samkvæmt 1. mgr. ákvæðisins sé það gert að skilyrði að háttsemi sé endurtekin eða alvarleg svo hún verði refsiverð samkvæmt ákvæðinu. Með því að háttsemi sé endurtekin sé vísað til þess að hún hafi staðið yfir í lengri eða skemmri tíma þannig að telja megi að viðvarandi ógnarástand hafi skapast. Áréttað sé jafnframt að þótt flest brot í nánnum samböndum eigi sér stað innan veggja heimilisins þá hafi brotavettvangur ekki sérstaka þýðingu fyrir beitingu ákvæðisins.

Þá segir að í ákvæðinu séu sérstaklega taldar upp verknaðaraðferðir sem nú þegar geti falið í sér sjálfstæða refsiverða háttsemi samkvæmt öðrum ákvæðum hegningarlaga, en ofbeldi í nánnum samböndum geti birst á fleiri vegu svo sem andlegu ofbeldi, þar sem er beitt grófum og endurteknum uppnefnum, niðurlægingu og ásökunum, minni háttar og ítrekuðum hótunum sem beinist hvort sem er að þolanda eða öðrum honum nákomnum og svo mætti lengi telja. Í þessu ljósi er lagt til að refsinaemi ákvæðisins verði ekki bundið við verknaði sem nú þegar geti falið í sér refsiverða háttsemi samkvæmt almennum hegningarlögum, heldur taki það jafnframt til þess er lífi, heilsu eða velferð þolanda er ógnað á annan hátt sem ekki getur falið í sér sjálfstæða háttsemi samkvæmt gildandi lögum.

Miðað við framangreint ber við mat á því hvort brotið hefur verið gegn ákvæði 218. gr. b í almennum hegningarlögum, sbr. 4. gr. laga nr. 23/2016, að líta á háttsemi þá sem um ræðir sem eina heild en ekki samansafn einstakra tilvika. Þá er refsinaemi verknaðarins ekki bundið við verknaði sem nú þegar geta falið í sér refsiverða háttsemi, heldur nær það jafnframt til þess er lífi, heilsu eða velferð þolanda er ógnað á annan hátt sem ekki getur falið í sér sjálfstæða refsiverða háttsemi.

Í málinu liggja fyrir samskipti ákærða og brotþola í síma á tímabilinu frá 27. september til 14. nóvember 2018. Fjöldi símtala og skilaboða, svo og tíðni þeirra og efni bera með sér að ákærði var mjög ósáttur við að fá ekki umgengni við son sinn og brotþola. Þrátt fyrir að hafa fengið skýr skilaboð frá bæði lögreglu og einstaklingum sem urðu vitni að háttsemi ákærða fljótlega eftir að umgengni var stöðvuð í byrjun nóvember 2018, um að hann yrði að leita til barnaverndaryfirvalda og/eða dómstóla til að ná fram rétti sínum,

kaus ákærði að skeyta ekki um það. Þau skilaboð sem tilgreind eru í ákæruskjali, og finna má í gögnum málsins, bera með sér að ákærði hafi áreitt brotþola með endurteknum vanvirðandi og niðurlægjandi uppnefnum og ásökunum um lengri tíma en það er háttsemi sem er refsiverð samkvæmt 218. gr. b. almennra hegningarlaga. Við þetta bætist háttsemi ákærða samkvæmt ákærulið A.II. þann 20. júní 2019. Þar til viðbótar ógnaði ákærði heilsu og velferð brotþola ítrekað og beitti hana andlegu ofbeldi með því að koma óboðinn á eða við heimili brotþola og á aðra staði í [...] og [...], elti, fylgdist með, öskraði á og ógnaði brotþola og reyndi að taka barnið í óleyfi, allt í þeim tilgangi að vekja ótta og andlegri vanlíðan hjá brotþola, að því er virðist til að knýja fram umgengni. Öll þessi tilvik metin saman sem ein heild voru að mati dómsins til þess fallin að ógna heilsu og velferð brotþola, fyrrverandi maka ákærða, og sonar hans, í skilningi ákvæðisins.

Að öllu ofanrituðu virtu verður litið svo á að það sé hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæruliðum A.I-III. að undanskildum töluliðum 10, 11, 12 og 14 í ákærulið A.III. og háttsemin sé þar réttilega heimfærð til refsíákvæðis. Verður ákærði því sakfelldur fyrir þá háttsemi og hefur hann samkvæmt því unnið sér til refsingar.

Ákæruliður B

Um málavaxtalýsingu vísast til umfjöllunar um ákærulið A.II. Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir brot gegn brotþola, móður barns ákærða og brotþola. Telst vera sannað að ákærði hafi með því að hafa haldið á syni sínum og slegið í átt að brotþola, þar af einu sinni í handlegg hennar og ýtt henni, en drengurinn var hágrátandi meðan á þessu stóð. Telst ákærði hafa með þessari háttsemi ógnað syni sínum og beitt hann vanvirðandi háttsemi þannig að bæði andlegri og líkamlegri heilsu hans hafi verið hætta búin. Brot ákærða gagnvart syni sínum varðar við 1. sbr. 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 en ekki við 98. gr. sömu laga.

II.

Seinni ákæra dagsett 27. september 2021.

Málavextir:

Brotþoli lagði fram kæru hjá lögreglu 1. júlí 2021, þar sem hún kærði ákærða fyrri stöðugt áreiti af hans hálfu. Var það í kjölfar þeirra atvika sem ákæruliðir A.I og A.II

varða. Í skýrslu sem tekin var af brotþola í tengslum við þá kæru kvaðst hún verða fyrir stanslausu áreiti af hálfu ákærða, sem virðist stundum taka einhverjar lægðir og minnka en svo komi hann aftur tvíefldur. Ákærði hafi bæði áreitt sig með skilaboðum í síma og elt sig og barnið. Brotþoli kvaðst fara fram á nálgunarbann gagnvart ákærða. Hún ítrekaði að vera mjög hrædd við ákærða og að hann geti gert barninu eitthvað. Brotþoli kvaðst vera að vinna úr áfallastreituröskun og vera hjá sálfræðingi en þetta hafi haft mjög mikil áhrif á sig.

Tekin var lögregluskýrsla af ákærða 14. júlí 2021 vegna málsins. Var ákærði sérstaklega yfirheyrður um þau atvik og háttsemi sem tilgreind er í ákæru og honum kynnt gögn úr síma brotþola. Ákærði kannaðist við að hafa hringt og sent brotþola skilaboðin sem ákæra varðar. Ákærði taldi að það væri ekki áreiti því hann hringdi ekki alla daga og skilaboðin vörðuðu aðeins soninn. Ákærði neitaði því að hafa elt brotþola. Hann hafi ætlað að fara á lögreglustöðina 21. júní til að kvarta yfir því að brotþoli væri að elta sig og hafi keyrt framhjá húsi hennar á leið þangað en séð brotþola með syni þeirra og skrúfað niður rúðuna til að spyrja hvers vegna hún væri að taka mynd af sér. Lögreglustöðin hafi verið lokað þegar ákærði kom þangað en þar sem þetta hafi verið á föstudegi hafi hann þurft að bíða fram yfir helgi til að leggja fram kvörtun.

Þann 3. júlí 2021 tók lögreglustjórinn á Suðurnesjum ákvörðun um að ákærði skyldi sæta nálgunarbanni í þrjá mánuði með vísan til 4. gr. laga nr. 85/2011, gagnvart brotþola. Með úrskurði héraðsdóms 19. júlí 2021 var ákvörðunin staðfest. Lögreglustjóri tók að nýju ákvörðun 30. september 2021 um að ákærði skyldi sæta nálgunarbanni gagnvart brotþola til 4. janúar 2022.

Meðal gagna málsins eru rafræn gögn frá síma brotþola, símtöl og sms-samskipti milli ákærða og brotþola á tímabilinu 26. febrúar til 2. apríl 2021. Sömuleiðis tilkynningar brotþola og skýrslur af ákærða og brotþola.

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi:

Ákærði viðurkenndi að hafa hringt og sent skilaboð til brotþola eins og í ákæru greinir. Skilaboðin „You will pay for all this“ kvað ákærði hafa þýtt að brotþoli yrði að svara fyrir sig fyrir dómi. Ákærði kvaðst hafa verið að versla 13. mars 2021 og verið að leita að bílastæði. Hann hefði hvorki séð eða tekið eftir brotþola. Brotþoli hafi tekið mynd

af sér og haldið fram hótun um atvik sem ekki hafi átt sér stað. Heilt yfir kvaðst ákærði ekki hafa áreitt eða hótað brotþola að neinu leyti og hann hafi engan áhuga á henni, bara syni sínum. Ákærði kvaðst ekki vilja gefa brotþola eftir skilnað þrátt fyrir ítrekaðar tilkynningar til lögreglu og nálgunarbönn því þá muni hann missa dvalarleyfi á Íslandi og get ekki haft samband við son sinn.

Brotþoli staðfesti fyrir dómi að hafa fengið þau símtöl og skilaboð frá ákærða sem greinir í ákærulið A.I. Atvik 13. mars sl. í ákærulið A.II.1 hefðu verið með þeim hætti að bíl ákærða hafi verið lagt þegar hún kom en hann hafi keyrt fyrir framan og aftan og aftur fyrir framan með ógnandi augnaráði og keyrt svo út af stæðinu. Það væru nokkur svona atvik sem væru alltaf með sama hætti, ákærði keyri hægt í kringum bílinn og horfi á brotþola. Brotþoli sagði ákærða hafi komið til [...] 21. júní á fund í leikskólanum. Þetta hafi verið á miklu Covid tímabili og mælst til þess að bara eitt foreldri mætti en ákærði hafi ekki tilkynnt um komu sína. Ákærði hafi elt þau heim og ekið [...] sem liggur fyrir ofan [...] en hann aki ekki þá götu því hún sé botnlangi. Frá [...] sé augnlína við innkeyrslu og íbúð brotþola, göturnar liggja saman og stutt á milli. Brotþoli kvaðst hafa tekið atvik upp, ákærði hafi öskraði „keep taking video you fucking bitch, you will pay“. Þetta hafi valdið sér ótta, kvíða og andlegu ofbeldi í rúmlega 3 ár og geri enn, enda vilji ákærði ekki veita sér skilnað. Aðspurð sagði brotþoli að umgengni hafi byrjað að nýju laugardaginn 27. nóvember sl. undir eftirliti, aðra hverja helgi í 2 klst. í senn samkvæmt úrskurði sýslumanns. Brotþoli og ákærði séu enn gift því ákærði neiti að skilja.

Rannsóknarlögreglumaður nr. O staðfesti rannsókn á síma brotþola og upplýsingaskýrslu vegna þeirrar rannsóknar.

Lögreglumaður nr. P staðfesti efni og undirritun lögregluskýrslu um atvik 21. júní 2021 og að brotþoli hafi virkað hrædd þegar hún hringdi.

Niðurstaða:

Í ákæru er ákærða gefið að sök ofbeldi í nánú sambandi á tímabilinu 26. febrúar til 2. apríl 2021 með því að hafa endurtekið ógnað heilsu og velferð fyrrverandi maka síns og barnsmóður. Er þeirri háttsemi ákærða sem talin er brotleg og falla undir refsíákvæðið nánar lýst í ákæruliðum A.I og A.II. Í fyrsta lagi fyrir að hafa á tímabilinu 26. febrúar til 2. apríl 2021 áreitt brotþola, með símtölum og smáskilaboðum en á tímabilinu hringdi ákærði 57 sinnum í síma brotþola og sendi henni 50 skilaboð sem mörg voru ógnandi

og óviðeigandi eins og nánar greinir í tölulíðum 1-5. Í öðru lagi með því að hafa á tímabilinu 13. mars til 21. júní 2021, endurtekið ógnað heilsu og velferð brotaþola, með því að elta hana, fylgjast með henni og/eða sitja fyrir henni eins og nánar greinir í tölulíðum 1 og 2.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa sent brotaþola ofangreind skilaboð og hringt tilgreind símtöl auk þess sem framlögð gögn í málinu eru því til stuðnings. Að mati dómsins fela skilaboðin ekki í sér vanvirðandi og niðurlægjandi uppnefni eða ásakanir né voru þau ógnandi, en skilaboðin voru vissulega óviðeigandi og fólu í sér mikið andlegt áreiti gagnvart brotaþola. Hefur ákærði gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök samkvæmt ákærulið A.I. enda bera gögn málsins þess vitni.

Ákærði játaði fyrir dómi að hafa verið að hafa verið fyrir utan Bónus 13. mars 2021. Hann neitaði því að hafa keyrt framhjá brotaþola en sagðist hafa verið að fara að versla og leita að bílastæði þegar brotaþoli hafi tekið af sér mynd. Af upptöku sem liggur fyrir í málinu má sjá ákærða keyra inn á bílastæðið og keyra í kringum bifreið brotaþola áður en hann keyrir aftur út af stæðinu. Framburður brotaþola er í samræmi við framburð hennar hjá lögreglu auk þess að fá stoð í upptöku þar sem ákærði sést koma inn á bílastæðið og keyra hringinn í kringum brotaþola og aftur út af bílastæðinu. Ákærði sagðist hafa komið til að versla og verið að leita að bílastæði en á myndbandinu sést að hann keyrir inn og út af bílastæðinu. Getur framburður hans því ekki talist vera trúverðugur. Verður framburður brotaþola lagður til grundvallar og þykir hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi sem lýst er í ákærulið A.II.1.

Í gögnum málsins er upptaka brotaþola af ákærða 21. júní 2021 þar sem hann situr í bifreið sinni í [...], sem er í beinni sjónlínu við heimili brotaþola að [...] í [...]. Ekki er unnt að greina hvað ákærði segir eða hvort hann er að öskra á brotaþola. Brotaþoli heldur því fram að ákærði hafi elt sig heim af leikskóla sonar þeirra og staðnæmst í [...] fyrir ofan [...], þar sem brotaþoli býr. Ákærði hafi öskrað ókvæðisorðum og hótað henni. Ákærði heldur því hins vegar fram að brotaþoli hafi verið að elta sig og hann því ekið þessa leið á lögreglustöðina til að kæra brotaþola, en hann hafi stöðvað þegar hann sá að hún var að taka sig upp. Lögreglustöðin hafi hins vegar verið lokað þegar ákærði mætti þar. Er framburður ákærða að mestu leyti sá sami í lögregluskýrslu en þar sagði ákærði

að þar sem þetta hafi verið á föstudegi hafi hann þurft að bíða fram yfir helgi til að leggja fram kvörtun.

Bein leið er frá [...] að lögreglustöðinni í [...] en lengra og óþarfa krókur að keyra [...] á leið þangað. Í gögnum málsins er upptaka brotaþola af ákærða þar sem hann situr í kyrrstæðri bifreið við [...] þegar upptakan hefst. Því stenst ekki sú fullyrðing ákærða að brotaþoli hafi verið byrjuð að taka hann upp og hann stöðvað til að spyrja hana um upptökuna. Þá var 21. júní 2021 mánudagur en ekki föstudagur og því stenst ekki framburður ákærða hjá lögreglu um að hann hafi þurft að bíða yfir helgi með að leggja fram ákæru á hendur brotaþola. Framburður ákærða er ekki trúverðugur í ljósi framangreinds. Framburður brotaþola um atvik er trúverðugur og í fullu samræmi við framburð hennar hjá lögreglu auk þess sem framlagðar upptökur þykja styðja framburð hennar. Þykir því mega leggja framburð brotaþola til grundvallar hvað þennan ákærulið varðar og talið sannað að ákærði hafi elt brotaþola að heimili hennar að [...] og öskrað á hana.

Miðað við framangreint þykir fram komin lögfull sönnun þess að ákærði hafi viðhaft háttsemi sem lýst er í ákæruliðum A.I. og A.II. Stendur þá eftir að taka afstöðu til þess hvort brot hans sé réttilega heimfært til refsíákvæðis í ákæru.

Brot þau sem ákærði hefur verið sakfelldur fyrir samkvæmt síðari ákæru verða að teljast endurtekin auk þess að koma í beinu framhaldi af háttsemi sem ákærði hefur verið sakfelldur fyrir samkvæmt ákæru dagsettri 20 apríl 2021.

Að mati dómsins verða tilvikin sem tilgreind eru í ákærulið A.I ekki felld undir 218. gr. b almennra hegningarlaga enda hvorki vanvirðandi né niðurlægjandi auk þess að fela ekki í sér hótanir. Til vara er gerð krafa um að tilvikin eigi undir 232. gr. b almennra hegningarlaga um umsáturseinelti en það ákvæði tók gildi 12. febrúar 2021.

Í 232. gr. b í almennum hegningarlögum nr. 19/1940, sbr. breytingu með 1. gr. laga nr. 5/2021, segir að hver sem endurtekið hótar, eltir, fylgist með, setur sig í samband við eða með öðrum sambærilegum hætti situr um annan mann og háttsemi er til þess fallin að valda hræðslu eða kvíða, sæta sektum eða fangelsi allt að 4 árum.

Samkvæmt almennum athugasemdum í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 5/2021 um breytingu á almennum hegningarlögum kemur fram að ákvæðið sé nýmæli. Umsáturseinelti sé hægt að hafa í frammi með ólíkum aðferðum sem seint verði tæmandi taldar. Í ákvæðinu séu þær algengustu taldar upp en orðin „eða með sambærilegum hætti“ eigi að tryggja að aðrar aðferðir sem beitt er og eru til þess fallnar að valda öðrum hræðslu eða kvíða falli undir ákvæðið. Aðferðin þarf ekki að fela í sér sjálfstæðan refsiverðan verknað heldur getur hegðun sem ein og sér er ekki refsiverð orðið það ef hún er endurtekin. Háttsemin geti falist í því að koma á samskiptum eða sambandi við annan mann í óþökk hans eða með því að láta annan mann vita að fylgst sé með honum.

Að mati dómsins er háttsemi ákærða samkvæmt ákærulið A.I. rétt heimfærð undir ákvæði 232. gr. b almennra hegningarlaga enda setti ákærði sig ítrekað í samband við brotþola í óþökk hennar.

Hvað varðar ákærulið A.II. verður að telja að háttsemin hafi verið viðvarandi í skilningi 218. gr. b. almennrar hegningarlaga þó að hlé hafi komið á milli, enda var sú háttsemi í beinu framhaldi af þeirri háttsemi sem þar var viðhöfð og vísast til umfjöllunar þar að lútandi í niðurlagi kafla I hér að framan. Ákærði lét ekki af háttsemi sinni fyrr en sett var á hann nálgunarbann þann 3. júlí 2021 til 1. október s.á., sem var framlengt 30. september til 4. janúar 2022.

III.

Ákærði er fæddur árið [...] og hefur ekki áður sætt refsingu svo kunnugt sé. Við mat á refsingu ákærða verður sérstaklega litið til 1. og 6. tl. 1.mgr. 70. gr., sem og 3. mgr. 70. gr. sömu laga, sem og 77. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði á sér litlar málsbætur nema helst það að undirliggjandi ástæða háttsemi hans er erfið forsjár- og umgengnisdeila hans og brotþola. Einu tengsl ákærða við landið er sonur hans. Með vísan til framangreinds og 5. og 7. tl. 70. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í þrjá mánuði. Með hliðsjón af atvikum öllum þykja skilyrði til að skilorðsbinda refsinguna að öllu leyti.

IV.

Einkaréttarkrafa

Samkvæmt framansögðu hefur dómurinn slegið því föstu að ákærði hafi brotið gegn brotþola svo varði við 218. gr. b. og 232. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með hinni refsiverðu háttsemi hefur ákærði bakað sér bótaábyrgð gagnvart brotþola á grundvelli b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Miskabótakrafa brotþola er að fjárhæð 3.000.000 krónur.

Bætur fyrir miska skulu ákvarðaðar eftir því sem sanngjarnt þykir og við mat á fjárhæð þeirra skal einkum líta til alvarleika brota, sakarstigs brotamanns, huglægrar upplifunar brotþola, umfangs tjónsins, tilefni brota svo og skyldu brotþola til að takmarka tjón sitt. Telja verður að brot af því tagi sem hér um ræðir séu almennt til þess fallin að valda þeim sem fyrir verður sálrænum erfiðleikum. Er framburður brotþola, svo og annarra vitna því að einhverju marki til stuðnings að sú sé raunin í tilviki brotþola. Í málinu liggja hins vegar engin sérfræðigögn frammi til stuðnings kröfu brotþola. Tilefni brota ákærða má rekja til þess að brotþoli sendi ákærða skilaboð þar sem hún hótaði því að flytja til [...] með son þeirra svo og ítrekuð stöðvun brotþola á umgengni ákærða við son þeirra. Hefur það leitt til þess að ákærði hefur lítið umgengist soninn undanfarin þrjú ár þrátt fyrir sameiginlega forsjá og niðurstöðu héraðsdóms um umgengni. Að mati dómsins hefði brotþoli a.m.k. að einhverju marki getað takmarkað háttsemi ákærða, sem lá að miklu leyti niðri þegar hann fékk að umgangast soninn. Að öllu þessu gættu þykja miskabætur til handa brotþola réttilega ákvarðaðar 100.000 krónur. Um vexti og dráttarvexti af kröfunni fer svo sem í dómsorði greinir, en ekki verður séð að krafan hafi verið birt ákærða fyrr en við birtingu ákæru þann 7. maí 2021.

V.

Með vísan til úrslita málsins, sbr. 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála verður ákærða gert að greiða 2/3 hluta sakarkostnaðar. Ákærði dæmist því til að greiða 2/3 hluta málsvarnarlauna verjanda síns, Jóhannesar Alberts Kristbjörnssonar lögmanns og 2/3 hluta þóknunar skipaðs réttargæslumanns brotþola, Sigurðar Freys Sigurðssonar lögmanns, en þóknun hvors þeirra um sig þykir að gættu umfangi málsins hæfilega ákveðin svo sem í dómsorði greinir að virðisaukaskatti meðtöldum. Einn þriðji hluti málsvarnarlauna verjanda og þóknunar réttargæslumanns greiðast úr ríkissjóði. Ekki var um annan sakarkostnað að ræða.

Af hálfu ákærvaldsins flutti málið Daníel Reynisson, aðstoðarsaksóknari.

María Thejll héraðsdómari kveður upp dóm þennan. Fyrir uppsögu dómsins var gætt að 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Dómsorð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í 3 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði 2/3 hluta málsvarnarlauna skipaðs verjanda, Jóhannesar Alberts Kristbjörnssonar lögmanns, sem í heild nema 1.450.000 krónum og 2/3 hluta þóknunar skipaðs réttargæslumanns brotaþola, Sigurðar Freys Sigurðssonar lögmanns, sem í heild nemur 976.500 krónum. Einn þriðji hluti málsvarnarlauna verjanda og þóknunar réttargæslumanns greiðast úr ríkissjóði.

Ákærði greiði brotaþola, 100.000 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 27. september 2018 til 7. júní 2021 en dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

María Thejll